Ráðgjöf fyrir fiskveiðiárið 2022/2023 er hærri en ráðgjöf síðasta fiskveiðiárs vegna endurskoðunar á grundvelli ráðgjafar og uppfærðum viðmiðunargildum.

The catch advice has increased from last year due to a revision in the basis of the advice and reference points.


GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT

Við endurmat á aflareglu keilu við Ísland (ICES, 2022a) var grunnur ráðgjafar endurskoðaður og ný aflaregla innleidd en hún er í samræmi við varúðarnálgun og í samræmi við markmið Alþjóðahafrannsóknaráðsins um hámarksafkrastur.

Seinni ár hefur orðið aukning á keiluafli við Grænland og haldi þessar veiðar áfram þarf að tryggja sýnatöku úr afla við Grænland svo að gögnin séu lýsandi fyrir allan stofninn. Rannsóknaleiðangrar Náttúrufræðistofnunar Grænlands leitt í ljós að útbreiðsla keilu við Grænland nær frá íslensku landhelginni og meðfram landgrunninu suður að 62°00'N. Magn keilu við Austur Grænland er þó ekki þekkt.

In the evaluation of the management plan (MP) for tusk in Icelandic waters (ICES, 2022a), the basis for assessment was revised and the adopted harvest control rule (HCR) was considered in accordance with the precautionary approach and consistent with the ICES MSY framework.

A higher proportion of catches in Subarea 14 have been reported in recent years. If these catches continue, they should be sampled to ensure that data are representative of the full stock. The Greenlandic deep-sea survey has shown the distribution of the species extends from the Icelandic Exclusive Economic Zone (EEZ) and along the continental shelf edge down to 62°00'N with an unknown proportion of the stock.



Keila. Samanburður á stofnmati árána 2018–2022 (rauð lína: 2022). Ráðgjöf í ár er byggð á nýju líkani. Áður miðaði nýliðun við 3 ára og er ekki sýnd. Veiðihlutfall var notað fyrir veiðidánartölu.

Tusk. Current assessment (red line: 2022) compared with previous estimates (2018–2022). Note that this year's assessment was based on a newly benchmarked model. Prior to the benchmark, recruitment was estimated at age 3 and is not shown. Harvest rate was used instead of fishing mortality.

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) veitir sameiginlega veiðiráðgjöf fyrir keilu við Ísland og Grænland. Ef keiluafli heldur áfram að aukast við Grænland verður að endurskoða meðferð aflagagna í stofnmatslíkaninu og aflareglu.

Advice for tusk in Icelandic and Greenlandic waters is given jointly by ICES. If the recent higher levels of catch in the Greenlandic area of Subarea 14 continue, the treatment of catch data may need to be reconsidered in future assessments and management.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Keila. Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Tusk. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár <i>Fishing year</i>	Tillaga <i>Recommended TAC</i>	Aflamark <i>National TAC</i>	Afli Íslendinga <i>Catches Iceland</i>	Afli annarra þjóða <i>Catches other</i>	Afli alls <i>Total catch</i>
2010/2011	6000	6000	6223	1545	7768
2011/2012	6900	7000	5981	1420	7401
2012/2013	6700	6700	5549	1284	6833
2013/2014	6300	6300	4850	588	5438
2014/2015	4000	4000	4136	1304	5440
2015/2016	3440	3440	3221	900	4121
2016/2017	3780	3780	1689	729	2418
2017/2018	4370 ¹⁾	4370	2200	885	3085
2018/2019	3776 ¹⁾	3776	2454	778	3232
2019/2020	3856 ¹⁾	3856	2460	781	3241
2020/2021	2289 ¹⁾	2289	2192	757	2949
2021/2022	2172 ¹⁾	2172			
2022/2023	4464 ²⁾				

¹⁾ 13 % aflaregla – 13% harvest control rule

²⁾ Aflaregla byggð á ICES ráðgjafareglu með $F_{MGT} = 0.23$ – Harvest control rule based on ICES advice rule ($F_{MGT} = 0.23$)

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – REFERENCES AND FURTHER READING

ICES. 2022a. Workshop on the evaluation of assessments and management plans for ling, tusk, plaice and Atlantic wolffish in Icelandic waters (WKICEMP). ICES Scientific Reports. 4:37. 271 pp. <http://doi.org/10.17895/ices.pub.19663971>

MFRI Assessment Reports 2022. Tusk. Marine and Freshwater Research Institute, 15 June 2022.

Stofnmatskýrslur Hafrannsóknastofnunar 2022. Keila. Hafrannsóknastofnun, 15. júní 2022.

SKÖTUSELUR – ANGLERFISH

Lophius piscatorius

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2022/2023 verði ekki meiri en 258 tonn.

MFRI advises that when the precautionary approach is applied, catches in the fishing year 2022/2023 should be no more than 258 tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Hafrannsóknastofnun getur ekki metið stöðu stofnsins og veiðiálag m.t.t. aðgerðarmarka hámarksafraksturs (MSY) og varúðarnálgunar (PA) þar sem viðmiðunarmörk hafa ekki verið skilgreind.

MFRI cannot assess the stock and exploitation status relative to maximum sustainable yield (MSY) and precautionary approach (PA) reference points, because the reference points are undefined.



Skötuselur. Afli eftir veiðarfærum, nýliðunarvísitala (≤ 2 ára) og lífmassavísitala (≥ 40 cm) úr SMB og vísitala veiðihlutfalls. Skyggð svæði og öryggisbil sýna 95 % öryggismörk. Rauðar láréttar línur sýna meðallífmassavísitölur árin 2018–2020 og 2021–2022 sem eru notaðar við útreikninga ráðgjafar.

Anglerfish. Catch by gear type, IS-SMB juvenile (≤ 2 -year-old) and biomass (≥ 40 cm) indices. Shaded area and error bars represent 95% CI. Red horizontal lines indicate the average biomass indices for 2018–2020 and 2021–2022 used in advice calculations.

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á tímaháðum breytingum í stofnmælingu <i>Trends in biomass indicators</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) <i>Commercial catch and survey biomass indices (IS-SMB)</i>

Grunnur ráðgjafar fylgir forskrift Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að framkvæma tölfraðilegt stofnmat en til eru vísitölur sem taldar eru gefa mynd af breytingum í stofnstærð (Category 3 stocks; [ICES, 2012](#)). Lífmassavísitala fyrir skötusel 40 cm og stærri úr SMB er notuð til að reikna tímaháða breytingu á stofnvísitölu. Hlutfall meðaltals síðustu tveggja ára (vísitala A) og þriggja ára þar á undan (vísitala B) er margfaldað með ráðgjöf síðasta árs. Vísitala A er 31 % lægri en vísitala B og sveiflujöfnun því beitt. Varúðarlækkun (20 %) var síðast beitt 2019 og er því beitt í ár.

The advice follows the ICES framework for stocks where reliable stock biomass indices are available, but analytical age-length based assessments is not possible (Category 3 stocks; [ICES, 2012](#)). IS-SMB biomass index of anglerfish ≥ 40 cm is used to calculate survey trends. The IS-SMB index was used as the index for stock development. The advice is based on the ratio of the mean of the latest two index values (Index A) and the mean of the three preceding values (Index B) multiplied by last year's advice. The index ratio has decreased by 31% and thus an uncertainty cap was applied. The precautionary buffer (20%) was applied in 2019 and was applied this year.

Skötuselur. Útreikningar ráðgjafar.

Anglerfish. Advice calculation.

Vísitala A (2021–2022) – Index A (2021–2022)	614	
Vísitala B (2018–2020) – Index A (2018–2020)	892	
Hlutfall vísitölu (A/B) – Index ratio (A/B)	0.69	
Sveiflujöfnun – Uncertainty cap	Beitt – Applied	0.8
Ráðgjöf fyrir 2021/2022 – Catch advice for 2020/2021	402 t	
Varúðarlækkun – Precautionary buffer	Beitt – Applied	0.8
Ráðgjöf fyrir 2022/2023* – Catch advice for 2022/2023*	258 t	
% Breyting á ráðgjöf – % Advice change	-36	

* [Ráðgjöf fyrir 2021/2022] × [Sveiflujöfnun] × [Varúðarlækkun] – *[Advice for 2021/2022] × [Uncertainty cap] × [Precautionary buffer]

Ráðgjöfin fyrir fiskveiðiárið 2022/2023 lækkar vegna þess að vísitala stofnstærðar hefur lækkað og varúðarlækkun er beitt.

The advice for 2022/2023 decreased due to a decrease in the stock size indicator and application of precautionary buffer.

HORFUR – PROSPECTS

Nýliðun hefur mælst lítil í meira en áratug og benda stofnmælingar til að árgangar 2010–2022 séu litlir. Einnig hefur vísitala veiðistofns lækkað frá árinu 2011. Því hefur ráðlagður hámarksafli skötusels minnkað og er ekki að sjá að hann hækki mikið næstu árin.

Recruitment has been low for more than a decade and juvenile indices indicate that the 2010–2022-year classes are small. Harvestable biomass index has decreased since 2011. The recommended catch levels have declined in recent years and will remain low in coming years.

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF ASSESSMENT

SMB nær yfir veiðisvæði skötusels á Íslandsmiðum en að öllum líkindum á sér stað blöndun við stofna á nærliggjandi hafsvæðum. Skötuselir hafa endurheimst við Ísland eftir merkingar bæði við Færeyjar (Thangstad ofl. 2006) og Hjaltlandseyjar (Laurenson ofl. 2005). Að auki hefur verið sýnt, með notkun reklíkana, að egg og lirfur skötusels geti borist til Íslands með straumum frá Rockall svæðinu vestan Bretlandseyja (Hislop o.fl. 2001).

IS-SMB covers the geographical distribution of the fisheries in Icelandic waters. However, evidence suggests that mixing takes place between Iceland, the Faroe Islands and the Rockall area. Monkfish tagged in the Faroe Islands and the Shetland Islands have been recaptured in Iceland (Laurenson et al. 2005; Thangstad et al. 2006). Additionally, Hislop et al. (2001) demonstrated possible egg and larvae drift from the Rockall area using particle drift models.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Skötuselur. Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Anglerfish. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Recommended TAC	Aflamark National TAC	Afli Catches
2010/2011	2 500	3 000	3 376
2011/2012	2 500	2 850	3 006
2012/2013	1 500	1 800	1 930
2013/2014	1 500	1 500	1 398
2014/2015	1 000	1 000	1 080
2015/2016	1 000	1 000	913
2016/2017	711	711	677
2017/2018	853	853	653
2018/2019	722	722	565
2019/2020	441	441	428
2020/2021	503	503	437
2021/2022	402	402	
2022/2023	258		

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – REFERENCES AND FURTHER READING

Hislop, J.R.G., Gallego, A., Heath, M.R., Kennedy, F.M., Reeves, S.A. and Wright, P.J. (2001). A synthesis of the early life history of the anglerfish, *Lophius piscatorius* (Linnaeus, 1758) in northern British waters. ICES Journal of Marine Science, 58:70-86.

Laurenson, C., Johnson, A. and Priede, I.G. (2005). Movements and growth of monkfish *Lophius piscatorius* tagged at the Shetland Islands, northeastern Atlantic. Fisheries Research 71:185-195.

Thangstad, T., Bjelland, O., Nedreaas, K.H., Jónsson, E., Laurenson, C.H. and Ofstad, L.H. (2006). Anglerfish (*Lophius spp.*) in Nordic waters. TemaNord 2006:570. Nordic Council of Ministers, Copenhagen 2006.

ICES. 2012. Implementation of Advice for Data-limited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68.

<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2012/ADHOC/DLS%20Guidance%20Report%20012.pdf>

MFRI Assessment Reports 2022. Anglerfish. Marine and Freshwater Research Institute, 15 June 2022.

Stofnmatskýrslur Hafrannsóknastofnunar 2022. Skötuselur. Hafrannsóknastofnun, 15. júní 2022.

LÝSA – WHITING

Merlangius merlangus

RÁÐGJÖF - ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli lýsu fiskveiðiárið 2022/2023 verði ekki meiri en 1091 tonn.

MFRI advises that when the precautionary approach is applied, whiting catches in the fishing year 2022/2023 should be no more than 1091 tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Hafrannsóknastofnun getur ekki metið stöðu stofnsins og veiðiálag m.t.t. aðgerðarmarka hámarksafraksturs (MSY) og varúðarnálgunar (PA) þar sem viðmiðunarmörk hafa ekki verið skilgreind.

MFRI cannot assess the stock and exploitation status relative to maximum sustainable yield (MSY) and precautionary approach (PA) reference points, because the reference points are undefined.



Lýsa. Afli eftir veiðarfærum, nýliðunarvísitala (≤ 20 cm) og lífmassavísitala (≥ 40 cm) úr SMB. Skyggð svæði og öryggisbil sýna 95 % öryggismörk. Rauðar láréttar línur sýna meðallífmassavísitölur fyrir árin 2018–2020 og 2021–2022 sem eru notaðar við útreikninga ráðgjafar.

Whiting. Catches by gear type, IS-SMB juvenile (≤ 20 cm) and biomass (≥ 40 cm) indices. Shaded area and bars represent 95% CI. Red horizontal lines indicate average biomass indices for 2018–2020 and 2021–2022 used to calculate the advice.

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmæt <i>Assessment type</i>	Byggt á tímaháðum breytingum í stofnmælingum. <i>Trends in biomass indicators</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) <i>Commercial catch and survey biomass indices (IS-SMB)</i>

Grunnur ráðgjafar fylgir forskrift Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að framkvæma tölfraðilegt stofnmæt en til eru vísitölur sem taldar eru gefa mynd af breytingum á stofnstærð (Category 3 stocks; [ICES 2012](#)). Lífmassavísitala fyrir lýsu 40 cm og stærri úr SMB er notuð til að reikna tímaháða breytingu á stofnvísitölu. Hlutfall meðaltals síðustu tveggja ára (vísitala A) og þriggja ára þar á undan (vísitala B) er margfaldað með ráðgjöf síðasta árs. Vísitalan hækkaði um 61 % milli þessara tímabila og er því sveiflujöfnun beitt. Varúðarlækkun (20 %) var síðast beitt árið 2019 og er því beitt í ár.

The advice follows the ICES framework for stocks where reliable stock biomass indices are available, but analytical age-length based assessments is not possible (Category 3 stocks; [ICES 2012](#)). The IS-SMB survey index whiting ≥ 40 cm is used as an indicator of stock development. The advice is based on the ratio of the mean of the last two index values (Index A) and the mean of the three preceding values (Index B) multiplied by the recent catch advice. The index is estimated to have increased by more than 20% and thus the uncertainty cap was applied. The precautionary buffer was applied in 2019 and was applied again this year.

Lýsa. Útreikningar ráðgjafar.

Whiting. Advice calculation.

Vísitala A (2021–2022) – Index A (2021–2022)	15 415	
Vísitala B (2017–2019) – Index B (2017–2019)	9 565	
Hlutfall vísitölu (A/B) – Index ratio (A/B)	1.61	
Sveiflujöfnun – Uncertainty cap	Beitt – Applied	1.2
Ráðgjöf fyrir 2020/2021 – Catch advice for 2020/2021	1 137 t	
Varúðarlækkun – Precautionary buffer	Beitt – Applied	0.8
Ráðgjöf fyrir 2020/2021* – Catch advice for 2021/2022*	1 091 t	
% Breyting á ráðgjöf – % Advice change	-4	

* [Ráðgjöf fyrir 2020/2021] × [Hlutfall vísitölu] × [Varúðarlækkun] – *[Advice for 2020/2021] × [Index ratio] × [Precautionary buffer]

Ráðgjöfin fyrir fiskveiðiárið 2022/2023 lækkar vegna þess að varúðarlækkun var beitt.

The advice for 2022/2023 decreased because the precautionary buffer was applied.

HORFUR – PROSPECTS

Nýliðun mældist lítil árin 2009–2014 en hefur aukist síðan og sérstaklega síðustu tvö ár.

Recruitment was low 2009–2014 but has increased since then, especially in the past two years.

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF ASSESSMENT

Stofnmæling botnfiska í mars (SMB) nær yfir allt veiðisvæði lýsu.

IS-SMB covers the geographical distribution of the fisheries.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – *ADVICE, TAC AND CATCH*

Lýsa. Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Whiting. *Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).*

Fiskveiðiár <i>Fishing year</i>	Tillaga <i>Recommended TAC</i>	Aflamark <i>National TAC</i>	Afli <i>Catches</i>
2010/2011	-	-	3 249
2011/2012	-	-	1 601
2012/2013	-	-	1 060
2013/2014	-	-	1 034
2014/2015	-	-	877
2015/2016	-	-	690
2016/2017	-	-	642
2017/2018	-	-	844
2018/2019	-	-	780
2019/2020	836	-	607
2020/2021	1 003	-	844
2021/2022	1 137	-	
2022/2023	1 091		

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – *REFERENCES AND FURTHER READING*

ICES. 2012. Implementation of Advice for Data-limited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68.

<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2012/ADHOC/DLS%20Guidance%20Report%202012.pdf>

MFRI Assessment Reports 2022. Whiting. Marine and Freshwater Research Institute, 15 June 2022.

Stofnmatsskýrslur Hafrannsóknastofnunar 2022. Lýsa. Hafrannsóknastofnun, 15. júní 2022.

SUMARGOTSSÍLD

SUMMER-SPAWNING HERRING

Clupea harengus

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun og Alþjóðahafrannsóknaráððið leggja til, í samræmi við aflareglu íslenskra stjórnvalda, að afli fiskveiðiárið 2022/2023 verði ekki meiri en 66 195 tonn.

MFRI and ICES advise that when the Icelandic management plan is applied, catches in the fishing year 2022/2023 should be no more than 66 195 tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Veiðihlutfall íslenskrar sumargotssíldar er yfir kjörsókn (H_{RMGT}), stærð hrygningarstofns er yfir aðgerðarmörkum ($MSY B_{trigger}$), gátmörkum (B_{pa}) og varúðarmörkum (B_{lim}).

Fishing pressure on the stock is above H_{RMGT} and the spawning stock size is above $MSY B_{trigger}$, B_{pa} and B_{lim} .



Síld. Afli eftir veiðarfærum, nýliðun, veiðihlutfall viðmiðunarstofns, stærð viðmiðunarstofns (4 ára og eldri) og hrygningarstofns. **Herring.** Catch by gear type, recruitment, harvest rate based on reference stock biomass, reference stock biomass (B_{4+}) and spawning stock biomass (SSB).

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSEMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Basis of the advice</i>	Aflaregla <i>Management plan</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Aflamark sett sem 15 % af viðmiðunarstofni (4 ára og eldri) <i>TAC set as 15% of reference biomass (age 4+)</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	NFT-ADAPT aldurs-aflalíkan <i>NFT-ADAPT age-based model</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Aldursgreindur afli og aldursgreindar vísitölur úr bergmálsleiðöngurum <i>Catch in numbers and age disaggregated indices from acoustic surveys</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grundvöllur <i>Basis</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	MGT $B_{trigger}$	200 000 t	Aðgerðarmörk í aflareglu sem standast MSY viðmið ICES <i>Trigger point in HCR considered consistent with ICES MSY framework</i>
	HR _{MGT}	0.15	Slembireikningar í aflaregluhermun. Hlutfall af viðmiðunarstofni <i>Stochastic HCR evaluation. Proportion of age 4+ biomass</i>
MSY	MSY $B_{trigger}$	273 000 t	B_{pa}
	F_{MSY}	0.22	Slembireikningar í aflaregluhermun. <i>Stochastic HCR evaluation</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	B_{lim}	200 000 t	Stærð hrygningarstofns þar sem líkur eru á skertri nýliðun <i>SSB beyond which recruitment becomes impaired</i>
	B_{pa}	273 000 t	$B_{lim} * e^{1.645\sigma}$; $\sigma = 0.19$

HORFUR – PROSPECTS

Síld. Forsendur fyrir stofnmatsárið og í framreikningum.

Herring. Assumptions made for the interim year and in the forecast.

Breyta <i>Variable</i>	Gildi <i>Value</i>	Athugasemdir <i>Notes</i>
HR (2021/2022) <i>HR (2021/2022)</i>	0.19	Veiðihlutfall viðmiðunarstofns <i>Harvest rate of reference biomass</i>
Hrygningarstofn (2022) <i>SSB (2022)</i>	384 286	Mat úr líkani eftir að búið er að taka tillit til sýkingar af völdum <i>Ichthyophonus</i> árið 2022 (1. júlí 2022); í tonnum <i>Estimated by the assessment after accounting for Ichthyophonus infection in 2022 (1st July 2022); in tonnes</i>
Lífmassi B_{4+} (2022) <i>Biomass B_{4+} (2022)</i>	441 299	Lífmassi viðmiðunarstofns 4 ára og eldri (B_{4+}). Metið með líkani; í tonnum <i>Reference biomass of fish 4 years and older (B_{4+}). From the assessment; in tonnes</i>
Nýliðun 3 ára (2022) <i>Recruitment age 3 (2022)</i>	464 740	Faldmeðaltal nýliðunar tímabilsins 1987-2019; í þúsundum <i>Geometric mean recruitment for 1987-2019; in thousands</i>
Nýliðun 3 ára (2023) <i>Recruitment age 3 (2023)</i>	464 740	Faldmeðaltal nýliðunar tímabilsins 1987-2019; í þúsundum <i>Geometric mean recruitment for 1987-2019; in thousands</i>
Afli (2021/2022) <i>Catch (2021/2022)</i>	70 084	Afli frá júní 2021 til lok apríl 2022; í tonnum <i>Catch from June 2021 to the end of April 2022; tonnes</i>

Síld. Áætluð þróun viðmiðunarstofns og hrygningarstofns (tonn) miðað við veiðar samkvæmt aflareglu.

Herring. Projection of reference biomass and SSB (tonnes) based on harvest control rule.

Grunnur <i>Basis</i>	Afli (2022/2023) <i>Catch (2022/2023)</i>	Veiðihlutfall (2022/2023) <i>Harvest rate (2022/2023)</i>	Viðmiðunarstofn (2023) <i>Reference biomass (2023)</i>	Hrygningarstofn (2023) <i>SSB (2023)</i>	% Breyting á hrygningarstofni ¹⁾ <i>% SSB change¹⁾</i>	% Breyting á ráðgjöf ²⁾ <i>% Advice change²⁾</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	66 195	0.15	422 801	403 999	-4	-8

¹⁾ Hrygningarstofn árið 2023 miðað við hrygningarstofn 2022. *SSB in 2023 relative to SSB in 2022*

²⁾ Ráðlagt aflamark fyrir 2022/2023 miðað við ráðlagt aflamark 2021/2022. *Advice value for 2022/2023 relative to advice value for 2021/2022*


Ráðlagt aflamark fyrir fiskveiðiárið 2022/2023 lækkar vegna þess að viðmiðunarstofninn (B_{4+}) er metinn minni.

Advice has decreased because the reference biomass (B_{4+}) is now estimated smaller.

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT

Stofnmatið í ár er í samræmi við fyrri ár.

The assessment shows consistency with previous years.




Síld. Samanburður á stofnmati árána 2017–2022 (rauð lína: 2022).

Herring. Current assessment (red line) compared with previous estimates (2017–2021).

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Síldarveiðar á fiskveiðiárinu 2021/2022 voru stundaðar fyrir vestan og austan af Íslandi. Heildaraflinn var 70084 tonn, 51932 tonn veiddust vestan við landið, aðallega í september–desember, og 18152 tonn austan við landið í júní–október sem meðafli í veiðum á norsk-íslenskri síld og makríl. Allur afli á vertíðinni var veiddur í flotvörpu. Mat á sýkingarhlutfalli sumargotssíldar af völdum frumdýrsins *Ichthyophonus* í aflasýnum vetrarins sýna álíka hátt hlutfall og síðasta vetur en tiltölulega lítið nýsmít.

*The herring fishery 2021/2022 took place in offshore waters west and east of Iceland. The total catch amounted to 70 084 tonnes, where 51 932 tonnes were caught west of Iceland mostly in September-December, and 18 152 tonnes in the east in June-October as bycatch in the fishery for Norwegian spring-spawning herring and mackerel. The catch was caught in pelagic trawl. The estimate of prevalence of *Ichthyophonus* infection from catch samples in the winter 2021/2022 showed comparable prevalence levels as last winter but relatively low level of new infection.*



Síld. Veiðisvæði á fiskveiðiárinu 2021/2022 (t/sjm²).

Herring. Fishing grounds in fishing season 2021/2022 (t/nmi²).

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Síld. Tillögur um hámarksaflla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn). Afli sýnir summu vetrarvertíðar og sumarveiði fiskveiðiársins á undan.

Herring. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes). Catches represents sum of the winter catches and the summer catches in the preceding fishing year.

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Recommended TAC	Aflamark National TAC	Afli Catches
2010/2011	40 000	40 000	43 533
2011/2012	40 000	45 000	49 446
2012/2013	67 000	68 500	71 976
2013/2014	87 000	87 000	72 058
2014/2015	83 000	83 200	94 975
2015/2016	71 000	71 000	69 729
2016/2017	63 000	63 000	60 403
2017/2018	38 712 ¹⁾	39 000	35 034
2018/2019	35 186 ¹⁾	35 186	40 683
2019/2020	34 572 ¹⁾	34 572	30 038
2020/2021	35 490 ¹⁾	35 490	36 100
2021/2022	72 239 ¹⁾	70 084	70 084
2022/2023	66 195 ¹⁾		

¹⁾ 15 % aflaregla. 15% harvest control rule

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – REFERENCES AND FURTHER READING

MFRI Assessment Reports 2022. Herring. Marine and Freshwater Research Institute, 15. June 2022.

Stofnmatskýrslur Hafrannsóknastofnunar 2022. Síld. Hafrannsóknastofnun, 15. júní 2022.

GULLLAX – GREATER SILVER SMELT

Argentina silus

RÁÐGJÖF- ADVICE


Hafrannsóknastofnun og Alþjóðahafrannsóknaráðið ráðleggja, í samræmi við nýtingarstefnu sem mun leiða til hámarksafraksturs (MSY) til lengri tíma litið, að afli fiskveiðiárið 2022/2023 verði ekki meiri en 11 520 tonn.

MFRI and ICES advise that when the MSY approach is applied, catches in the fishing year 2022/2023 should be no more than 11 520 tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Veiðilág stofnsins er undir kjörsókn (F_{MSY}) og stærð hrygningarstofns er yfir aðgerðarmörkum ($MSY B_{trigger}$), gátmörkum (B_{pa}) og varúðarmörkum (B_{lim}).

Fishing pressure on the stock is below F_{MSY} and spawning-stock size is above $MSY B_{trigger}$, B_{pa} and B_{lim} .



Gulllax. Afli eftir svæðum, nýliðun, veiðidánartala fisks sem er að fullu kominn í veiðina (6–14 ára) og stærð hrygningarstofns. Skyggð svæði og öryggisbil sýna 50 % öryggismörk.

Greater silver smelt. Catch by area, recruitment (age 5), fishing mortality (ages 6–14), and spawning stock biomass. Shaded area and error bars represent 50% CI.

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ADVICE AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	MSY nálgun <i>ICES MSY advice rule</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Aldurs- og lengdarháð stofnlíkan (Gadget). <i>Length and age based analytical assessment (Gadget model).</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Aldurs og lengdargögn úr afla og stofnmælingum (SMH). <i>Age and length data from commercial catches and surveys (IS-SMH)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Viðmiðunarmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grundvöllur <i>Basis</i>
Hámarksafrakstur <i>MSY</i>	MSY $B_{trigger}$	25 440 t	B_{pa}
	F_{MSY}	0.07	Fiskveiðidauði, F , sem leiðir til hámarksafraksturs til lengri tíma og <5 % líkur á að $SSB < B_{lim}$ miðað við slembireikninga í aflaregluhermun. Vænt gildi F er á milli 0.05 og 0.10 <i>F that leads to long-term MSY and a <5% risk of $SSB < B_{lim}$ in equilibrium in stochastic projections. Realized F can range from 0.05–0.10</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	B_{lim}	18 300 t	B_{loss}
	B_{pa}	25 440 t	$B_{lim} * 1.4$
	F_{lim}	0.24	Veiðidánartala sem leiðir til þess að hrygningarstofn er yfir B_{lim} með 50 % líkum <i>Equilibrium F which will maintain the stock above B_{lim} with a 50% probability</i>
	F_{pa}	0.07	Veiðidánartala sem leiðir til þess að hrygningarstofn er yfir B_{lim} með <5 % líkum <i>F that leads to a <5% risk of $SSB < B_{lim}$ in equilibrium</i>

HORFUR – PROSPECTS

Gulllax. Forsendur fyrir stofnmatsárið og í framreikningum.

Greater silver smelt. Assumptions made for the interim year and in the forecast.

Breyta <i>Variable</i>	Gildi <i>Value</i>	Athugasemdir <i>Notes</i>
F_{6-14} ára (2022) $F_{ages\ 6-14}$ (2022)	0.04	Byggt á áætluðum afla árið 2022 <i>Based on estimated catch in 2022</i>
Hrygningarstofn (2023) <i>SSB</i> (2023)	88 275	Úr framreikningum stofnmats; í tonnum <i>Projected from the assessment; in tonnes</i>
Nýliðun 5 ára (2022) <i>Recruitment age 5</i> (2022)	56 866	Mat úr stofnmati; í þúsundum <i>From the assessment; in thousands</i>
Nýliðun 5 ára (2022) <i>Recruitment age 5</i> (2022)	31 685	Mat úr stofnmati; í þúsundum <i>From the assessment; in thousands</i>
Nýliðun 5 ára (2023) <i>Recruitment age 5</i> (2023)	12 806	Mat úr stofnmati; í þúsundum <i>From the assessment; in thousands</i>
Afli (2021) <i>Catch</i> (2021)	5 532	Gert er ráð fyrir sama afla (meðaltal síðustu þriggja ára) fyrir 1. janúar–31. ágúst 2022 og hámarksafrakstri (F_{MSY}) fyrir 1. september–31. desember 2022; í tonnum <i>Assuming status quo catch (average over the last three years) for 1 January–31 August 2022 and catch corresponding to F_{MSY} for 1 September–31 December 2022; in tonnes</i>

Gulllax. Áætluð þróun á stærð hrygningarstofns (tonn) miðað við veiðar samkvæmt aflareglu.

Greater silver smelt. Projection of SSB (tonnes) based on catch according to the management plan.

Grunnur Basis	Afli (2022/2023) Catch (2022/2023)	Veiðidánartala (2023) F_{6-14} (2023)	Hrygningarstofn (2024) SSB (2024)	% Breyting á hrygningarstofni ¹⁾ % SSB change ¹⁾	% Breyting á ráðgjöf ²⁾ % Advice change ²⁾
MSY aflaregla MSY advice rule	11 520	0.07	89 794	2	25

¹⁾ Hrygningarstofn árið 2024 miðað við hrygningarstofn 2023 – SSB in 2024 relative to SSB in 2023

²⁾ Ráðlagt aflamark fyrir 2022/2023 miðað við ráðlagt aflamark 2020/2021 – Advice value for 2022/2023 relative to advice value for 2021/2022

Ráðgjöfin fyrir fiskveiðiárið 2022/2023 er hækkar frá fyrra fiskveiðiári vegna þess að veiðidánartalan hefur verið lág undanfarin ár og hrygningarstofninn stækkað.

The catch advice for 2022/2023 is higher than that for 2021/2022 because fishing mortality has been low in recent years and SSB has been increasing.


GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT

Ráðgjöfin byggir á niðurstöðum aldurs- og lengdarháðs stofnlíkans (Gadget). Mikil óvissa er í inntaksgögnum líkansins, en stofnmatið er þó ekki talið bjagað (ICES, 2021). Þessi óvissa helgast meðal annars af miklum sveiflum í vísitölum milli ára og mjög víðum vikmörkum þar sem gulllax er gjarnan í torfum og heldur sig talsvert ofan við botn.

Stofnmæling botnfiska að haustlagi (SMH) nær yfir útbreiðslu- og veiðisvæði gulllax á Íslandsmiðum. Stofnmælingaleiðangur við Austur-Grænland, þar sem afli hefur aukist síðustu ár, bendir til að stofninn sé við landgrunnsbrúnina allt niður að 62°00'N en hlutdeild af heildarstofnstærð ekki er vitað.

The advice is based on the results of an age and length-based assessment model (Gadget). The survey index fluctuates greatly between years; this is partly caused by shoaling behaviour and vertical migrations. This increases uncertainty in the assessment, but the assessment is not considered to be biased (ICES, 2021).

The Icelandic autumn survey (IS–SMH) covers the depth range and geographical distribution of the stock and the fisheries in Division 5.a. For Subarea 14, where some catches have been reported in recent years, the Greenlandic deepsea survey has shown the distribution of the species extends along the shelf edge down to 62°00'N with an unknown proportion of the stock.



Gulllax. Samanburður á stofnmati árána 2020–2022 (rauð lína: 2022).

Greater silver smelt. Current assessment (red line: 2022) compared with previous estimates (2020–2021).

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Afli undanfarin fiskveiðiár hefur verið undir aflamarki.

Catches in recent years have been below the TAC.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Gulllax. Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Greater silver smelt. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár <i>Fishing year</i>	Tillaga <i>Recommended TAC</i>	Aflamark <i>National TAC</i>	Afli <i>Catches</i>
2010/2011	8000	-	12 091
2011/2012	6000	-	8 410
2012/2013	8000	-	11 039
2013/2014	8000	8000	7 242
2014/2015	8000	8000	6 849
2015/2016	8000	8000	6 019
2016/2017	7 885	7 885	3 570
2017/2018	9 310	9 310	5 159
2018/2019	7 603	7 603	2 807
2019/2020	9 124	9 124	3 775
2020/2021	8 729	8 729	4 282
2021/2022	9 244	9 244	
2022/2023	11 520		

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – REFERENCES AND FURTHER READING

ICES. 2021. Benchmark Workshop of Greater silver smelt (WKGSS; Outputs from 2020 meeting). ICES Scientific Reports, 3:5. 485 pp.
<https://doi.org/10.17895/ices.pub.5986>.

MFRI Assessment Reports 2022. Greater silver smelt. Marine and Freshwater Research Institute, 15 June 2022.

Stofnmatsskýrslur Hafrannsóknastofnunar 2022. Gulllax. Hafrannsóknastofnun 15. júní 2022.

TINDASKATA – STARRY RAY

Amblyraja radiata

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2022/2023 verði ekki meiri en 1 105 tonn.

MFRI advises that when the precautionary approach is applied, catches in the fishing year 2022/2023 should be no more than 1 105 tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Hafrannsóknastofnun getur ekki metið stöðu stofnsins og veiðiálag m.t.t. aðgerðarmarka hámarksafraksturs (MSY) og varúðarnálgunar (PA) þar sem viðmiðunarmörk hafa ekki verið skilgreind.

MFRI cannot assess the stock and exploitation status relative to maximum sustainable yield (MSY) and precautionary approach (PA) reference points, because the reference points are undefined.



Tindaskata. Afli, nýliðunarvísitala (<21 cm) og lífmassavísitala úr SMB. Skyggð svæði og öryggisbil sýna 95 % öryggismörk. Rauðar láréttar línur sýna meðallífmassavísitölur fyrir árin 2018–2020 og 2021–2022 sem eru notaðar við útreikninga ráðgjafar.

Starry ray Catches, IS-SMB juvenile (<21 cm) and biomass indices. Shaded area and error bars represent 95% CI. Red horizontal lines indicate average biomass indices for 2018–2020 and 2021–2022 used in the advice calculations.

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmát <i>Assessment type</i>	Byggt á tímaháðum breytingum í stofnmælingu <i>Trends in biomass indices</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og vísitölur úr stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum (SMB) <i>Commercial catch and biomass indices from surveys (IS-SMB)</i>

Grunnur ráðgjafar fylgir forskrift Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að framkvæma tölfraðilegt stofnmát en til eru vísitölur sem taldar eru gefa mynd af breytingum í stofnstærð (Category 3 stocks; [ICES, 2012](#)). Lífmassavísitala fyrir tindaskötu úr SMB er notuð til að reikna tímaháða breytingu á stofnvísitölu. Hlutfall meðaltals síðustu tveggja ára (vísitala A) og þriggja ára þar á undan (vísitala B) er margfaldað með ráðgjöf síðasta árs. Vísitalan hækkaði um 23 % milli þessara tímabila og er því sveiflujöfnun beitt. Varúðarlækkun var beitt árið 2020 og er ekki beitt í ár.

The advice follows the ICES framework for stocks where reliable stock biomass indices are available, but analytical age-length based assessments is not possible (Category 3 stocks; [ICES 2012](#)). The IS-SMB survey index was used as an indicator of stock development. The advice is based on the ratio of the mean of the last two index values (Index A) and the mean of the three preceding values (Index B) multiplied by the recent catch advice. The index is estimated to have increased by more than 20% and thus the uncertainty cap was applied. The precautionary buffer was applied in 2020 and was not considered this year.

Tindaskata. Útreikningar ráðgjafar

Starry ray. Advice calculation.

Vísitala A (2021–2022) – Index A (2021–2022)		14 618
Vísitala B (2018–2020) – Index A (2018–2020)		11 769
Hlutfall vísitölu (A/B) – Index ratio (A/B)		1.23
Sveiflujöfnun – Uncertainty cap	Beitt – Applied	1.2
Ráðgjöf fyrir 2020/2021 – Catch advice for 2020/2021		921 t
Varúðarlækkun – Precautionary buffer	Ekki beitt – Not applied	-
Ráðgjöf fyrir 2021/2022* – Catch advice for 2021/2022*		1 105 t
% Breyting á ráðgjöf - % Advice change		20

*[Ráðgjöf fyrir 2021/2022] × [Sveiflujöfnun] – *[Advice for 2021/2022] × [Uncertainty cap]

Ráðgjöfin fyrir fiskveiðiárið 2022/2023 hækkar vegna þess að vísitala stofnstærðar hefur hækkað.

The advice for 2022/2023 increased due to an increase in the stock size indicator.

HORFUR – PROSPECTS

Stofninn hefur minnkað á undanförunum árum, en nýliðun hefur verið stöðug. Framtíðarhorfur varðandi stærð stofnsins eru því óljósar.

The stock has declined in recent years, but recruitment is stable. Prospects regarding the size of the stock are, therefore, uncertain.

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT

SMB nær yfir stærsta hluta veiðisvæðis tindaskötu. Tindaskata fæst á u.þ.b. 90 % stöðva í SMB og er vísitalan talin gefa góða mynd af stofnþróun.

The IS-SMB covers the main fishing grounds of starry ray. Starry ray is an abundant species in IS-SMB and the index is considered representative of stock trends.

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Tindaskata er brjóskfiskategund. Hún er talin vera hægvaxta og langlíf tegund og því mikilvægt að sókn sé takmörkuð.

Starry ray is an elasmobranch species. It is considered to be slow-growing and long-lived species and thus can only sustain low exploitation rates.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Tindaskata. Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og aflu (tonn).

Starry ray. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiar Fishing year	Tillaga Recommended TAC	Aflamark National TAC	Afli Catches
2010/2011	-	-	1108
2011/2012	-	-	1726
2012/2013	-	-	1813
2013/2014	-	-	1534
2014/2015	-	-	1657
2015/2016	-	-	1391
2016/2017	-	-	988
2017/2018	-	-	532
2018/2019	-	-	779
2019/2020	-	-	860
2020/2021	988	-	899
2021/2022	921		
2022/2023	1105		

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – REFERENCES AND FURTHER READING

ICES. 2012. Implementation of Advice for Data-limited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68.

<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2012/ADHOC/DLS%20Guidance%20Report%20012.pdf>

MFRI Assessment Reports 2022. Starry ray. Marine and Freshwater Research Institute, 15 June 2022.

Stofnmatsskýrslur Hafrannsóknastofnunar 2022. Tindaskata. Hafrannsóknastofnun 15. júní 2022.

HÖRPUDISKUR – ICELAND SCALLOP

Chlamys islandica

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að heildarafli fiskveiðiárið 2022/2023 verði ekki meiri en 62 tonn í Breiðasundi og 31 tonn í Hvammsfirði og veiðar á öðrum svæðum í Breiðafirði verði ekki heimilaðar.

MFRI advises that when the precautionary approach is applied, catches in the fishing year 2022/2023 should not exceed 62 tonnes in Breiðasund and 31 tonnes in Hvammsfjörður, and no fishing for scallop in other areas in Breiðafjörður should be allowed.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Hafrannsóknastofnun getur ekki metið stöðu stofnsins og veiðiálag m.t.t. aðgerðarmarka hámarksafraksturs (MSY) þar sem viðmiðunarmörk hafa ekki verið skilgreind.

MFRI cannot assess the stock and exploitation status relative to maximum sustainable yield (MSY) because reference points are undefined.



Hörpudiskur. Afli við Ísland og lífmassavísitala á veiðislóð í Breiðasundi og Hvammsfirði 2014–2019, við Flatey og Látralönd 2015–2019 og við Bjarneyjar og Rúfeyjar 2016–2019.

Iceland scallop. Catches biomass indices surveys on dredged grounds in Breiðasund and Hvammsfjörður 2014–2019, Flatey area and Látralönd in 2015–2019, and Bjarneyjar and Rúfeyjar 2016–2019.

FORSENDUR RÁÐGJAFAR – BASIS OF THE ADVICE

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á visitölum um lífmassa hörpudisks <i>Trends in scallop biomass indicators</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Visitölur úr stofnmælingu (myndavélaleiðangur) <i>Survey biomass indices (camera survey)</i>

Engar nýjar upplýsingar liggja fyrir um stofnstærð hörpudisks í Breiðafirði þar sem ekki voru farnir stofnmælingaleiðangrar árin 2020 og 2021. Því er ekki hægt að uppfæra ráðgjöfina sem byggir aðferðarfræði Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að framkvæma tölfraðilegt stofnmat (Category 3 stocks; [ICES, 2012](#)). Ráðgjöfin í ár er því sú sama og fyrir síðasta fiskveiðiár.

No new information on biomass of Iceland scallop in Breiðafjörður was available in 2020 and 2021, and an update of the ICES framework for category 3 stocks ([ICES, 2012](#)) could not be applied this year. The advice is, therefore, the same as for the 2021/2022 fishing year.

Hörpudiskur. Útreikningar ráðgjafar í Breiðasundi í Breiðafirði.
Iceland Scallop. Advice calculation in Breiðasund in Breiðafjörður.

Ráðgjöf fyrir 2021/2022 – Catch advice for 2021/2022		62 t
Sveiflujöfnun – Uncertainty cap	Ekki beitt – Not applied	-
Varúðarlækkun – Precautionary buffer	Ekki beitt – Not applied	-
Ráðgjöf fyrir 2022/2023 – Catch advice for 2022/2023		62 t

Hörpudiskur. Útreikningar ráðgjafar í Hvammsfirði í Breiðafirði.
Iceland Scallop. Advice calculation in Hvammsfjörður in Breiðafjörður.

Ráðgjöf fyrir 2021/2022 – Catch advice for 2021/2022		31 t
Sveiflujöfnun – Uncertainty cap	Ekki beitt – Not applied	-
Varúðarlækkun – Precautionary buffer	Ekki beitt – Not applied	-
Ráðgjöf fyrir 2022/2023 – Catch advice for 2022/2023		31 t

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT

Engar nýjar upplýsingar liggja fyrir um stofnstærð hörpudisks í Breiðafirði þar sem ekki voru farnir stofnmælingaleiðangrar árin 2020 og 2021. Án upplýsinga úr stofnmælingaleiðöngurum mun Hafrannsóknastofnun ekki geta metið ástand hörpudisks í Breiðafirði árið 2023.

No new survey estimates were available in 2021 and 2022; therefore, there is no new information on the stock development. Without updated survey information MFRI will not be able to assess stock trends in 2023.

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Veiðisvæði hörpudisks í Breiðasundi afmarkast af eftirfarandi hnitum:


Fishing ground for Iceland scallop in Breiðasund is defined of the following coordinates:

1. 65°03,60'N, 022°43,50'V
2. 65°07,10'N, 022°43,50'V
3. 65°07,10'N, 022°31,50'V
4. 65°03,60'N, 022°31,50'V

Veiðisvæði hörpudisks í Hvammsfirði afmarkast af eftirfarandi hnitum:

Fishing ground of Iceland scallop in Hvammsfjörður is defined of the following coordinates:

1. 65°04,00'N, 022°21,00'V
2. 65°07,00'N, 022°21,00'V
3. 65°07,00'N, 022°12,00'V
4. 65°04,00'N, 022°12,00'V



Hörpudiskur. Tillaga að skiptingu veiðisvæða í Breiðafirði.

Iceland scallop. Recommended fishing grounds in Breiðafjörður.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Hörpudiskur. Tillögur um hámarksafla í Breiðafirði, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Iceland scallop. Recommended TAC in Breiðafjörður, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár <i>Fishing year</i>	Tillaga <i>Recommended TAC</i>	Aflamark <i>National TAC</i>	Afli <i>Catches</i>
2013/2014	0	0	15 ¹⁾
2014/2015	0	0	266 ¹⁾
2015/2016	0	0	634 ¹⁾
2016/2017	0	0	588 ¹⁾
2017/2018	0	0	942 ¹⁾
2018/2019	0	0	694 ¹⁾
2019/2020	0	0	451 ¹⁾
2020/2021	93	93	40
2021/2022	93	93	
2022/2023	93		

¹⁾Tilraunaveiðar - *Experimental fishing*

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – REFERENCES AND FURTHER READING

ICES. 2012. Implementation of Advice for Data-limited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68.

<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2012/ADHOC/DLS%20Guidance%20Report%202012.pdf>

MFRI Assessment Reports 2022. Iceland scallop. Marine and Freshwater Research Institute, 15 June 2022.

Stofnmatsskýrslur Hafrannsóknastofnunar 2022. Hörpudiskur. Hafrannsóknastofnun, 15. júní 2022.

BEITUKÓNGUR – COMMON WHELK

Buccinum undatum

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2022/2023 verði ekki meiri en 254 tonn í Breiðafirði.

MFRI advises that when the precautionary approach is applied, catches in the fishing year 2022/2023 should not exceed 254 tonnes in Breiðafjörður.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Hafrannsóknastofnun getur ekki metið stöðu stofnsins og veiðiálag m.t.t. aðgerðarmarka hámarksafraksturs (MSY) og varúðarnálgunar (PA) þar sem viðmiðunarmörk hafa ekki verið skilgreind.

MFRI cannot assess the stock and exploitation status relative to maximum sustainable yield (MSY) and precautionary approach (PA) reference points, because the reference points are undefined.



Beitukóngur. Afli og staðlaður afli á sóknareiningu. Rauðar láréttar línur sýna meðalafla á sóknareiningu fyrir árin 2017–2019 og 2020–2021 sem eru notaðar við útreikninga ráðgjafar.

Common whelk. Catches and standardized CPUE index. Red horizontal lines indicate average CPUE for 2017–2019 and for 2020–2021 used in the advice calculations.

FORSENDUR RÁÐGJAFAR – BASIS OF THE ADVICE

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á tímaháðum breytingum í afla og stofnmælingum <i>Trends in biomass indicators and catches</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og staðlaður afli á sóknareiningu. <i>Catches and standardized CPUE</i>

Grunnur ráðgjafar fylgir forskrift Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að beita aldurs-aflagreiningu en til eru vísitölur sem taldar eru gefa mynd af breytingum í stofnstærð (Category 3 stocks; [ICES, 2012](#)). Ráðgjöf fyrir fiskveiðiárið 2022/2023 er byggð á hlutfalli milli meðaltals staðlaðs afla á sóknareiningu síðustu tveggja ára (vísitala A) og þriggja ára þar á undan (vísitala B) margfaldað með ráðgjöf síðasta árs. Vísitala 2020 er meðaltal vísitölu árið 2019 og 2021. Vísitalan hækkaði um 32 % milli þessara tímabila og er því sveiflujöfnun beitt. Varúðarlækkun (20 %) var síðast beitt árið 2019 og er því beitt í ár.

